

Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi

Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild

Mál nr. 1513/03 og 11810/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Lögmætar væntingar. Eignasvipting. Réttur til skaðabóta.

1. Málsatvik

Kærendur eru franskir ríkisborgarar, Christine og Lionel Draon, fædd 1962 og 1961, og Sýlvía og Didier Maurice, fædd 1965 og 1962. Allir eru kærendur búsettir í Frakklandi. Sýlvía og Didier Maurice komu einnig fram fyrir hönd dætra sinna sem eru 15 og 8 ára.

Kærendur eru allir foreldrar barna með alvarlega meðfædda fötlun. Vegna læknastaka uppgötvaðist fötlunin ekki við skoðanir á meðgöngu. Höfðuðu kærendur skaðabótamál á hendur hlutaðeigandi heilbrigðisstofnunum á þeim grundvelli að vegna mistakanna hefðu þau orðið af þeim möguleika að láta eyða föstrinu. Þann 7. mars 2002, eftir að kærendur höfðuðu málin, tóku gildi svokölluð „Kouchner-lög“ frá 4. mars 2002. Lögin voru afturvirk þar sem þau tóku til meðferðar dómsmála sem þegar höfðu verið höfðuð við gildistöku þeirra. Fengu kærendur því aðeins miskabætur og bætur vegna röskunar á stöðu og högum, en ekki vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem af fötlun barnanna leiddi, s.s. vegna öflunar húsnæðis og bifreiða sem hentuðu þörfum þeirra. Fyrir gildistöku laganna hefðu hinar sérstöku fjárhagslegu byrðar verið bættar. Með lögum frá 11. febrúar 2005 var framangreindum lögum breytt í því markmiði að endurbæta bótareglur þeirra en þær breytingar höfðu ekki tekið gildi þegar málið var dæmt fyrir Mannréttindadómstólum.

Maurice-hjónin höfðuðu mál fyrir stjórnarsýsludómstólum. Við flýtimeðferð málsins voru hjónunum ákvarðaðar svokallaðar bráðabirgðabætur að fjárhæð 152.499 evrur, sem voru þó lækkaðar við áfrýjun í samræmi við ákvæði „Kouchner-laganna“ sem höfðu tekið gildi í millitíðinni. Í desember 2001 dæmdi áfrýjunardómstóll hjónunum 50.000 evrur til bráðabirgða. Þann 25. nóvember 2003 dæmdi stjórnarsýsluundirréttur Maurice-hjónunum 224.500 evrur í miskabætur og vegna röskunar á stöðu og högum. Bótakröfu hjónanna vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem leiddi af fötlun barnsins var hafnað. Þau áfrýjuðu dómi undirréttar og beið mál þeirra meðferðar hjá áfrýjunarrétti þegar dómur Mannréttindadómstólsins gekk. Maurice-hjónin höfðuðu enn fremur mál á hendur franska ríkinu þar sem þau byggðu á því að með lögunum 4. mars 2002 hefði ábyrgð ríkisins stofnast gagnvart kærendum. Var málinu vísað frá undirrétti og biður nú meðferðar fyrir áfrýjunardómstól.

Draon-hjónin höfðuðu mál fyrir stjórnarsýsludómstólum. Við flýtimeðferð málsins voru kærendum ákvarðaðar bráðabirgðabætur. Á meðan málið var til efnismeðferðar tóku áður greind „Kouchner-lög“ gildi og var þeim beitt í málinu. Undirréttur dæmdi hjónunum bætur að fjárhæð 180.000 evrur vegna miska og röskunar á stöðu og högum. Ekki var fallist á að kærendur ættu rétt til bóta vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem leiddi af fötlun barnsins. Draon-hjónin áfrýjuðu dómi undirréttar og beið mál þeirra meðferðar hjá áfrýjunardómstóli þegar dómur Mannréttindadómstólsins gekk.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur byggðu á því að með lögunum frá 4. mars 2002 hefði eignarréttur þeirra verið takmarkaður með þeim hætti að bryti gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans um friðhelgi eignarréttar. Þá byggðu kærendur á 14. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að með lögunum væri foreldrum barna sem ekki greinast með fötlun fyrir fæðingu vegna læknastaka eða athafnar eða athafnaleysis þriðja aðila mismunað í samanburði við foreldra barna sem ekki greinast með fötlun fyrir fæðingu vegna annars konar gáleysis eða vanrækslu.

Enn fremur byggðu kærendur á því að með afturvirkri gildistöku laganna frá 4. mars 2002 hefði verið brotið á rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 6. gr. sáttmálans. Þá töldu

kærendur að hin afturvirka gildistaka laganna hefði skert rétt þeirra til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns skv. 13. gr. sáttmálans, enda hefðu lögin haft þau áhrif að kærendur gátu ekki lengur krafist bóta úr hendi heilbrigðisyfirvalda í París vegna þeirrar sérstöku byrði sem leiddi af fötlun barna þeirra.

Að lokum byggðu kærendur á því að með „Kouchner-lögunum“ hefði ríkið gengið á rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem tryggt væri í 8. gr. sáttmálans þar sem franska ríkið hefði komið í veg fyrir að þau gætu séð fyrir þörfum barna sinna með þeirri skerðingu bótaréttar sem lögin höfðu í för með sér.

Niðurstaða

Um 1. gr. 1. viðauka: *Um hugtakið eign og hvort um væri að ræða takmörkun á eignarrétti.* Í máli *Maurice* byggði franska ríkið á því að ekki hefði verið sýnt fram á bótaskyldu heilbrigðisyfirvalda í París þar sem óvissa léki á um áreiðanleika fósturgreiningarinnar. Var byggt á því að Maurice-hjónin hefðu ekki með réttu getað haft lögmætar væntingar um rétt til bótagreiðslu. Dómstóllinn taldi að sýnt hefði verið fram á beint orsakasamband á milli gáleysis þess sem frönsk heilbrigðisyfirvöld báru ábyrgð á og þeirra afleiðinga sem kærendur höfðu orðið fyrir. Hefðu Maurice-hjónin því með réttu getað vænst bótaréttar og því átt „eign“ í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. „Kouchner-lögin“ hefðu svipt kærendur möguleika á bótum vegna hinnar „sérstöku byrði“, enda hefðu hjónin höfðað mál fyrir innlendum stjórnsludómstól og fengið dæmdar töluverðar bráðabirgðabætur á þeim grundvelli að nægilega þætti sýnt fram á bótaskyldu heilbrigðisyfirvalda í París þegar lögin gengu í gildi. Hefðu lögin því falið í sér takmörkun á eignarrétti þeirra.

Í máli *Draon* tók dómstóllinn fram að franska ríkið hefði viðurkennt að kærendur hefðu með réttu getað vænst bótagreiðslu vegna hinnar „sérstöku byrði“, enda höfðu heilbrigðisyfirvöld í París viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart kærendum áður en „Kouchner-lögin“ tóku gildi. Ríkið hefði því viðurkennt að eignarréttur kærenda hefði verið takmarkaður með lögunum.

Um lögmæti takmarkana á eignarrétti. Dómstóllinn tók fram að við mat á því hvort um lögmæta takmörkun væri að ræða þyrfti hann að meta hvort takmörkunin væri gerð í þágu almannahagsmuna og hvort meginreglunnar um meðalhóf hefði verið gætt.

Varðandi almannahagsmuni tók dómstóllinn fram að ríki hefðu vítt svigrúms til mats við félagslega og efnahagslega stefnumörkun. Dómstóllinn tók fram að franska þingið hefði með „Kouchner-lögunum“ verið að binda enda á röð fordæmisgefandi dóma um skaðabótaábyrgð heilbrigðisstétta sem það teldi óheppilega. Féllst dómstóllinn á að lögin hefðu verið sett með almannahag í huga.

Varðandi það hvort gætt hefði verið meðalhófs tók dómstóllinn fram að við sviptingu eigna væri að jafnaði ekki gætt meðalhófs nema sanngjarnar bætur kæmu fyrir eign. Einungis í undantekningartilvikum við mjög sérstakar aðstæður gæti það talist lögmæt takmörkun á eignarrétti ef engar bætur væru greiddar. Dómstóllinn tók fram að með „Kouchner-lögunum“ hefði verið sett ný skaðabótaregla sem varðaði mál sem þá þegar voru til meðferðar fyrir dómstólum. Sú afturvirkni laganna var í sjálfu sér ekki talin hafa brotið gegn kröfum um meðalhóf. Dómstóllinn taldi aftur á móti að í þessu tilviki hefðu lögin afnumið með afturvirkum hætti einn af meginbótaþáttunum sem kærendur gátu vænst, bótaþátt sem numið gat háum fjárhæðum. Þeir bótaþættir sem kærendur ættu rétt til eftir sem áður væru töluvert lægri og augljóslega ófullnægjandi, enda hefði ríkisstjórn Frakklands og löggjafinn viðurkennt það með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum 11. febrúar 2005. Dómstóllinn taldi þau lög ekki heldur fullnægjandi til að rétta hlut kærenda, enda lék bæði vafi á um gildissvið laganna og rétt kærenda til bóta samkvæmt þeim.

Dómstóllinn taldi að þær bætur sem kærendur hefðu fengið væru mun lægri en þau gátu með réttu vænst og einnig að kærendur ættu þær ekki vísar þar sem þau hefðu áfrýjað niðurstöðum dómstóla þar um. Þá taldi dómstóllinn að málsástæður franska ríkisins um siðfræðilegt mat, sanngjarna meðferð mála og stjórn heilbrigðisstofnana gætu ekki réttlætt hina afturvirku og bótalausú sviptingu verulegs hluta bótaréttar kærenda. Kærendur hefðu því þurft að bera óhóflegar byrðar sem ekki stæðust kröfur sáttmálans um það meðalhóf sem ríkja ætti á milli almannahags og friðhelgi eignarréttar. Var því franska ríkið talið hafa brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Um 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka: Með vísan til niðurstöðu sinnar um 1. gr. 1. viðauka taldi dómstóllinn ekki þörf á því að málið væri tekið sérstaklega til skoðunar hvað varðaði rétt kæranda skv. 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr.: Meirihluti dómstólsins taldi ennfremur óþarft að taka málið til sérstakrar skoðunar hvað varðaði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Þar sem sáttmálinn tryggir ekki rétt til þess úrræðis að lög samningsríkis séu sem slík metin efnislega fyrir innlendu stjórnvaldi taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að leggja mat á það hvort 8. gr. sáttmálans ætti við um málsatvik þar sem ekki gæti verið um brot gegn 8. gr. að ræða þótt atvikin féllu þar undir.

Fram kom að í kjölfar mikillar umræðu um svokallaðan Perruche-dóm í nóvember 2000 hefði franskir löggjafar ákveðið að breyta því kerfi sem gildi um skaðabótaábyrgð heilbrigðisstétta. „Koucher-lögin“ hefðu því verið sett í kjölfar umfangsmikillar umræðu á franska þinginu þar sem afstaða hafði verið tekin til lagalegra, siðferðislegra og félagslegra spurninga sem vöknudust í tengslum við lagasetningu, sem og sjónarmið um stjórn heilbrigðisþjónustu og þörfina á sanngjarnri meðferð fyrir fatlaða einstaklinga. Löggjafar hefðu metið það svo að betra væri að bótaréttur vegna fötlunar byggðist á sérstökum lagaákvæðum en að dómstólar þyrftu að ákvarða bótarétt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar hverju sinni. Þar sem það væri ekki hlutverk dómstólsins að koma í stað innlendra yfirvalda við að meta hvers konar kerfi eða útfærsla hentaði best á þessu erfiða sviði félagslegrar stefnumörkunar taldi dómstóllinn að ríkið hefði ekki brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Ákvörðun um bætur skv. 41. gr. sáttmálans var frestað. Draon-hjónunum voru dæmdar 15.244 evrur í málskostnað en Maurice-hjónunum 21.400 evrur samkvæmt sömu grein.

Fimm dómarmar skiluðu séráliti.